



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 8. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 28.09.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

Boðuð forföll: Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMB) varaformaður

Fjarverandi:

Fundarritari: LHM

Helstu mál: Fundargerð s.f., formannafundur 21/9 2011, erindi frá Árna Geir og önnur mál.
--

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Formannafundur 29/9 2011:

Formenn frá öllum félögum mættir nema frá ÍFH.

Unglingamót:

Í Meistarakeppni ungmenna dettur út aldursflokkurinn 21-22 ára en bætist við aldursflokkurinn 9-10 ára.

Venslasamningar:

Útbúin leikjavikutafila til að betra sé að fylgjast með umferðunum. Breyting á viðurlögum vegna brota á venslasamningum.

Keilukúluþreglur:

Samþykktar með fyrirvara um að digital vigt verði til staðar. Búið að panta vigtina en það er fjögurra mánaðar biðtími.

Breyting á leikdögum síðustu 2. umferðar í 2. deild v/Þórs Akureyri:

Ef Þór óskar eftir breytingu á leikdegi í næst síðustu umferð þá er það samþykkt en ekki í síðustu umferðinni.

3. Erindi Árna Geirs:

Mikið rætt um erindi Árna Geirs um olíuburðinn sem valinn er í Íslandsmóti liða eftir áramót (2009 Bowling This Month Tournament 1039 39 fet 50 ul)

Skiljum hans sjónarmið og áhyggjur en spurning hvort þjálfarar félaganna og/eða þeir sem hafa kunnáttuna geti upplýst sitt fólk um leiðir til að spila þennan olíuburð. LHM spyr hvort vitað sé hvar þessi olíuburður hafi verið notaður IGS svarar neitandi. Ákveðið að standa við ákvörðun stjórnar um val á olíuburðum. ÞI upplýsir Árna Geir um ákvörðun stjórnar.

4. Önnur mál:

ÞI upplýsir að það hafi komið póstur frá J.M. vegna þjálfaranámskeiðsins og tíminn sem stendur til boða er 15-18 október og 12-15 desember n.k. Frekar stuttur fyrirvari með október en hann

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

myndi henta betur fyrir veturinn. Fá betri upplýsingar um dagskrá til að hægt sé að athuga með tíma í keiluhöllinni bæði í verklegt og fyrir fyrirlestra.

ÍSí er með samning við Flugfélag Íslands um ódýrari flugferðir fyrir keppnisfólk innanlands.
Auglýsa það á kli.is

IGS benti á að gott væri að láta yfirfara lesarann fyrir olíumælinguna.

Fundi slitið 18:45 – næsti fundur 12. október kl. 17:30